

## ESPON-starfið 2011

### Yfirlit

#### Inngangur

Öll lönd ESB eiga aðild að ESPON-áætluninni auk Noregs, Sviss, Liechtenstein og Íslands, alls 31 land. Með ESPON, *The European Observation Network for Territorial Development and Cohesion*, er leitast við að fylgjast með svæðaþróun í Evrópu og styrkja evrópska háskóla og rannsóknarstofnanir til kannana og rannsókna á því sviði.

Innanríkisráðuneyti stórhertogadæmisins í Luxemburg sér um rekstur áætlunarinnar (Managing Authority, MA) og aðsetur faglegrar stjórnar ESPON (Coordination Unit, CU) eru í Luxemburg.

Árið 2011 er fimmta af sjö árum þessa starfstímabils ESPON 2013 áætlunarinnar sem hófst 2007. Það ár gerðist Ísland aðili að ESPON með samkomulagi iðnaðarráðuneytisins og ESPON. Byggðastofnun hefur tekið þátt í starfi ESPON Monitoring Committee (MC) sem kalla mætti stjórnarnefnd með aðild allra þátttökulanda samkvæmt samkomulagi við iðnaðarráðuneytið og stofnunin samdi síðan við Háskólann á Akureyri um að vera starfstengill ESPON á Íslandi (ESPON Contact Point, ECP).

#### ESPON 2020

Rannsóknarstarf á vegum ESPON fór hægt af stað í upphafi starfstímabilsins því mun lengri tíma tók að ganga frá formsatriðum við framkvæmdastjórn ESB en búist hafði verið við, einkum varðandi fjárhags- og verkefnaskil og endurskoðun. Fyrsta kall (útboð) eftir verkefnatillögum var þannig í ágúst 2008 og má því segja að rannsóknarvinna á vegum ESPON hafi tafist um eitt og hálf ár. Starf ESPON MC árið 2011 hefur einkennst nokkuð af því að fyrirbyggja að þessi slaka byrjun endurtaki sig í upphafi næsta starfstímabils, 2014-2020. ESPON hefur fengið mikinn stuðning úr flestum áttum innan ESB og formenskulöndum síðustu ára þannig að ekki hefur verið rætt um hvort heldur hvernig ESPON ætti að starfa á næsta starfstímabili. Hins vegar þarf að ræða það hér á landi hvort Ísland eigi að sækjast eftir áframhaldandi þátttöku eftir 2013 verði ekki af aðild Íslands að ESB.

Því hefur verið haldið fram að mikið rekstrar-, bókhalds- og endurskoðendastarf rannsóknarverkefna hafi á tímabili dregið mjög úr tilboðum (styrkumsóknum) til ESPON. Þó tilboðum hafi fjölgað mjög aftur er samt mikill áhugi hjá stjórnendum ESPON og þeim sem fylgjast með starfinu fyrir ESB (DG Regio) að einfalda ESPON. Þá er einkum horft til EGTC-formsins sem líkja má við íslensk byggðasamlög. Ágreiningur er um þetta form og andstaða við það, einkum meðal landa í Suður-Evrópu sem virðast telja að miðstjórnarvald ESB seilist til meiri áhrifa á starfið í ESPON á kostnað aðildarlandanna sem í upphafi mótuðu þetta áhald, ESPON, fyrir sig. Áhyggjan er að slík þróun leiði til þess að áherslur færast yfir á rannsóknir sem miðstýringarvald ESB telur mikilvægar fyrir stefnumótun ESB frá rannsóknum á áhrifum af þessari stefnumótun á hin ýmsu byggðasvæði og viðhorf, umræður og viðbrögð við henni í aðildarlöndunum.

Svo virðist sem fulltrúar landa í Norður Evrópu í MC séu hlyntir einföldun á ESPON, að meiri fjármunir nýtist til rannsókna, minni til endurskoðunar og reksturs, og geri sér vonir um að unnt verði að þróa EGTC-formið þannig að samstaða náist um það. Um þetta form gilda reglur ESB sem finna má á slóðinni: <http://portal.cor.europa.eu/egtc/en-US/Legalframework/Documents/EN.pdf> og um það er t.d. fjallað í norrænu verkefni, *EGTS – Europeiska grupperingar för territoriellt samarbete. Bakgrund och nordisk nytta.* (Nordregio 2011). Verkefnisskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Nordregio á slóðinni: [www.nordregio.se/en/Publications/Publications-2011/EGTC---European-Groupings-for-Territorial-Cooperation/](http://www.nordregio.se/en/Publications/Publications-2011/EGTC---European-Groupings-for-Territorial-Cooperation/).

### **Rannsókn- og greiningaverkefni**

Rannsókn- og greiningaverkefni ESPON falla undir 5 áherslur, 2 (Priority 1 og 2) eru virkastar fyrir samkeppnisrannsóknir, 1 er um netstarf ECP, starfstengla ESPON í löndum sem taka þátt í áætluninni og 2 heyra undir rekstrarstjórn (Managing Authority) ESPON og varða faglegan stuðning við verkefnahópa og þróun áhaldna og gagnagrunns.

Á starfstímabili ESPON 2013 hafa verið 9 verkefnaútböð (köll), þar af 2 á árinu 2011. Nánari upplýsingar eru á slóðinni [www.espon.eu/main/Menu\\_Calls/Menu\\_Calls/Overview.html](http://www.espon.eu/main/Menu_Calls/Menu_Calls/Overview.html). Á árinu 2012 verður einu sinni lýst eftir verkefnatillögum á tveim verkefnasviðum en annars einkennast árin 2012 og 2013 af lokaskilum verkefna.

Verkefni sem lokið hefur verið við á starfstímabili ESPON 2013 og eru í vinnslu í árslok 2011 eru samtals 62, þar af 25 undir 1. áherslu (Applied Research), 22 undir 2. áherslu (Targeted Analyses), 10 verkefni undir 3. áherslu (Scientific Platform and Tools) og 5 undir 4. áherslu (Transnational Networking Activities). Verkefnaskráin í heild sinni fylgir þessu starfsyfirliti en skrána með upplýsingum um fjárhæðir, viðfangsefni, hagshafa og þátttakendur í rannsóknahópunum má sjá á slóðinni [www.espon.eu/main/Menu\\_Projects/Menu\\_ProjectOverview/index.html](http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_ProjectOverview/index.html).

### **Fjármögnun**

ESPON er fjármagnað að 75% hluta af Bygðápróunarsjóði ESB, ERDF, samkvæmt c-lið 21. gr. reglugerðar um sjóðinn (Council Regulation (EC) No 1083/2006) sem finna má á slóðinni <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:210:0025:0025:EN:PDF>. Aðildarlöndin og samstarfslöndin (Partner States: Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss) leggja til 25% fjármagns á móti ERDF og heildarfjármunir til ESPON 2013 svara til tæpra kr. 7,2 milljarða. ESPON-sjóðurinn styrkir síðan verkefnahópa allra styrktarverkefna að fullu miðað við áætlaðan kostnað og rekur starfsemina, fundi nefnda, ráðstefnur og námskeið og veitir ferðastyrki í tengslum við þá atburði.

Ísland leggur árlega fram € 50.000 í ESPON-sjóðinn sem í upphafi svaraði til kr. 4,5 til 5 milljóna en svara í árslok 2011 til tæplega kr. 7,9 milljóna. Iðnaðarráðuneytið og Bygðastofnun greiða hvort um sig helming árgjaldsins og iðnaðarráðuneytið ber þar utan lítinn kostnað af ESPON en Bygðastofnun ber nokkurn kynningar- og ferðakostnað og tengdan vinnukostnað. Þátttaka íslenskra stofnana er vaxandi í ESPON-verkefnum og því fylgir óhjákvæmilega meiri vinna starfsmanna Bygðastofnunar og Háskólans á Akureyri og aukinn kostnaður.

Háskólar og rannsóknastofnanir í samstarfslöndunum (PS) í ESPON, einkum Noregi og Sviss, hafa sótt fast á ESPON-miðin og svo var komið árið 2010 að ESPON var að veita um 10% af heildarstyrkfjárhæð út fyrir ESB sem ekki er heimilt samkvæmt reglum um ERDF. Því lá fyrir að stöðva styrkveitingar til verkefna sem höfðu þátttöku stofnana í einhverju samstarfslandanna og brugðust Sviss og Noregur við því með því að halda og kosta ráðstefnur og námskeið í samráði við ESPON. Viðmiðið um 10% byggist á 3. mgr. 21. gr. reglugerðar ESB 1080/2006. Þessa reglugerð er að finna á slóðinni [ec.europa.eu/regional\\_policy/sources/docoffic/official/regulation/pdf/2007/feder/ce\\_1080\(2006\)\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/regional_policy/sources/docoffic/official/regulation/pdf/2007/feder/ce_1080(2006)_en.pdf).

## Aðild íslenskra stofnana að rannsóknarverkefnum

Byggðarannsóknir í Evrópu eru umfangsmiklar og samstarfsnet háskóla og annarra rannsóknastofnana öflugt. ESPON verkefni eru að miklu leyti viðfangsefni þessa nets og á að giska 200 rannsóknastofnana. Íslenskar stofnanir hafa ekki tekið þátt í mörgum ESPON-verkefnum en eru að tengjast þessu neti betur með hverju árinu. Byggðastofnun ákvað að fara hægt inn í áætlunina og fjármunir sem ætlaðir voru til þessa verkefnis voru einskorðaðir við árgjald Íslands til ESPON.

Í ágúst 2011 áætlaði ESPON að styrkir til íslenskra þátttakenda í 2 verkefnum yrðu kr. 12,5 milljónir á starfstímabilinu. Þessir tveir þátttakendur eru Háskólinn á Akureyri í NORBA (netverk ECP-fulltrúa Norðurlanda og Baltnesku landanna) og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri í SeGI-verkefninu (*Services of General Interests*, verkefni sem sjá má nánar um á slóðinni [www.espon.eu/main/Menu\\_Projects/Menu\\_AppliedResearch/SeGI.html](http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_AppliedResearch/SeGI.html)). Þessar upplýsingar um styrki má sjá á slóðinni: [www.espon.eu/main/Menu\\_Programme/Menu\\_Beneficiaries](http://www.espon.eu/main/Menu_Programme/Menu_Beneficiaries). Þá vann Háskólinn á Akureyri árin 2009 og 2010 verkhlutann um Norður-Ísland fyrir Nordregio í ESPON-TeDi-verkefninu (*Territorial Diversity*). Byggðastofnun var hvetjandi í upphafsumræðum um þetta verkefni og hafði áheyrnarfulltrúa í hópi hagshafa og verkefnisstjórn. Nánar má fræðast um verkefnið á slóðinni [www.espon.eu/main/Menu\\_Projects/Menu\\_TargetedAnalyses/espontedi.html](http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_TargetedAnalyses/espontedi.html)). Styrkur til HA þessi ár var undir hálfri milljón króna. Að auki munu bæði Skipulagsstofnun og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri verða styrkt vegna þátttöku í KITCASP-verkefninu (*Key Indicators for Territorial Cohesion and Spatial Planning*). Skipulagsstofnun er hagshafi (stakeholder) og RHA er aðili að rannsóknahópnum í þessu verkefni sem í heild er áætlað að kosti sem svarar tæplega kr. 57 milljónum. Ekki eru upplýsingar um hversu háar fjárhæðir er gert ráð fyrir að komi í hlut íslensku stofnananna í þessum verkefnum. Háskóli Íslands getur hlotið starfsstyrk ef verkefnatillaga sem stofnunin er þátttakandi í, *Territorial Indicator Synthesis*, verður samþykkt á MC-fundi í febrúar 2012.

Upplýsingar um byggðaðróun á Íslandi eru nú hluti af gagnabanka ESPON eins og sambærilegar upplýsingar annarra ESPON-landa og Ísland er því aðgengilegra viðfangsefni í rannsóknum og greiningum evrópskra háskóla og rannsóknastofnana.

## Aðild íslenskra stofnana að verkefnisstjórn og tengslum

ESPON þarf starfsframlag frá aðildar- og samstarfslöndum í stjórnarnefnd (Monitoring Committee, MC) sem Byggðastofnun hefur annast, starfstengil (ECP) sem Háskólinn á Akureyri hefur haft með höndum og á sviði endurskoðunar, bæði 1. stigs endurskoðun sem Byggðastofnun hefur séð um og 2. stigs endurskoðun sem er í höndum Ríkisendurskoðunar.

Starfið í MC fer fram með tölvusamskiptum og fundum, fjallar um rannsóknarsvið, verkefnaval, efnistösk verkefna og skil, fjárveitingar, styrki og faglega starfsemi ESPON. Af hálfu ESPON er áhersla á að stutt sé á milli rannsókna og stefnumótunar og að í MC sitji fulltrúar sem vinna að stefnumótun á sviði svæða- eða byggðaðróunar í aðildarlöndum ESPON. Starf ESPON er m.a. að rannsaka svæðisbundin áhrif af ákvörðunum sem teknar eru af miðstýringarstofnunum ESB og ESPON-rannsóknir ættu þannig að hafa áhrif á stefnumótun á lands- og landshlutastigi og á Evrópustigi – og öfugt; aðildarlöndin ættu að hafa áhrif gegnum ESPON á stefnumótun á Evrópustigi.

Starf starfstengla, ECP-starfið, er fagtengt og mikil áhersla á faglegan styrk þeirra sem það vinna. Í samstarfsneti ECP hafa verið mynduð nokkur net sem miðast við stærri svæði Evrópu og fá starfsstyrki frá ESPON undir 4. áherslu (Transnational Networking Activities). Íslenski tengillinn, Háskólinn á Akureyri, hefur tekið þátt í NORBA-netinu með tengingar-, kynningar- og greiningarvinnu á Norðurlöndum og í Baltnesku löndunum. Þetta netverk byggðarannsóknar opnar samstarfsfæri og tengingar í Evrópu.

Starfstenglar á Norðurlöndum eru auk styrkjanna frá ESPON líka styrktir til starfa af þeim ráðuneytum sem fjalla um ESPON í hverju landi. Á Íslandi hafa ekki verið fjármunir til þess en Háskólinn á Akureyri mun hafa aflað sér styrkja annars staðar. Þetta er mál sem þarf að finna viðhlítandi lausn á ef framhald verður á aðild Íslands að ESPON.

Hlutverk ECP er m.a. kynning á starfsemi ESPON en það er líka hlutverk MC-fulltrúa. Byggðastofnun hefur séð um kynningu á ESPON á Háskólatorgi á árlegri sameiginlegri kynningu á verkefnaáætlunum ESB og dreift samantektarskýrslum ESPON til ráðuneyta, landshlutasamtaka og háskóla. Kynningarstarfið hefur samt takmarkast af fjármunum til ráðstöfnunar en brýnt er að gera betur og þá í tengslum við umræðuna um aðild Íslands að ESPON.

## Fundir, ráðstefnur og námskeið

### Vor- og haustráðstefnur

ESPON gengst fyrir ráðstefnum vor og haust í því landi sem hefur formennsku í ESB hverju sinni. Þar hittast fulltrúar verkefnahópanna, MC-og ECP-fulltrúar ásamt fulltrúum frá ESB og, á opnu ráðstefnunum á vorin, frá háskólum, rannsóknastofnunum og ráðuneytum og vinna með niðurstöður rannsóknarverkefnanna.

### High Level Conference

ESPON gekkst fyrir sérstakri ráðstefnu undir heiti fyrirsagnarinnar hér að ofan í Brussel í maí 2011 til þess að ræða starfsemi ESPON eftir 2013 og gildi samanburðarhæfra byggðarannsóknna fyrir stefnumótun og áætlanir landshluta. Þar töluðu nokkrir forvígismenn ESB á sviði byggðaþróunar og allir lýstu mikilvægi ESPON og ESPON-rannsókna fyrir stefnumótun og þróun til sjálfbærrar þróunar og samkenndar (cohesion) og að þróun samkenndar væri erfið án byggðatengingar (eða svæðatengingar, territorial cohesion). Þetta felur raunar í sér áherslu á lands- og landshlutastig stjórnsýslunnar við framkvæmd mikilvægra stefnumiða ESB s.s. Lissabon-samþykktarinnar og Byggðastefnu ESB, Territorial Agenda.

Viðfangsefni ráðstefnunnar tengist umræðu um landshlutaáætlanir á Íslandi og hana sóttu fulltrúar frá Sambandi sveitarfélaga, iðnaðar- og innanríkisráðuneytum og Byggðastofnun. Á slóðinni [www.espon.eu/main/Menu\\_Events/Menu\\_Conferences/](http://www.espon.eu/main/Menu_Events/Menu_Conferences/) má finna nánari upplýsingar um ráðstefnuna.

### Námskeið

ESPON gengst fyrir fjölda námskeiða um fjárreiður rannsóknarverkefna, umsóknarferlið og verkefnasviðin. Þannig eru tvisvar á ári svonefnt Partner Café og Opnir dagar til þess að upplýsa um rannsóknir og umsóknir um styrki hjá ESPON. Á heimasíðu ESPON eru nánari upplýsingar á slóðinni [http://www.espon.eu/main/Menu\\_Events/](http://www.espon.eu/main/Menu_Events/).

## Útgáfur

Samantektarútgáfur ESPON hafa verið tvær á þessu starfstímabili, *First ESPON 2013 Synthesis Report, New Evidence on Smart, Sustainable and Inclusive Territories*, kom út sumarið 2010 og *First ESPON 2013 Scientific Report, Scientific Dialogue on Cities, Rural Areas and Rising Energy Prices*, kom út haustið 2010. Þessi rit má skoða og prenta af heimasíðu ESPON, af slóðinni [www.espon.eu/main/Menu\\_Publications](http://www.espon.eu/main/Menu_Publications).

Afleiða af vinnslu rannsóknahópanna er mikill gagnabanki um aðstæður og þróun landssvæða í Evrópu, í aðildarlöndum ESPON, sem ESPON er að byggja upp.

ESPON gefur ekki út rannsóknarskýrslur heldur eru þær aðgengilegar á heimasíðu áætlunarinnar og hægt að prenta þær þaðan. Auk samantektarritanna hefur ESPON gefið út ritröð með litlum og handhægum samantektum um einstaka þætti sem nefnd er *Territorial Observation*. Í október 2011 kom út 5. ritið í þeirri röð, *The Creative Workforce*. Í því má glögglega sjá að Ísland er nú tekið með í gagnagrunn og samanburðargreiningar ESPON. Gagnagrunnurinn er aðgengilegur fyrir þá sem fá aðgangsheimild hjá ESPON. Á þann hátt næst líka í ESPON-kortasafnið, *Hyper Atlas*, sem er kortagerðaráhald til að setja upp kort úr gagnabankanum. Á heimasíðunni er hins vegar opinn aðgangur að kortum sem birt hafa verið sem ESPON-kort mánaðarins. Eitt verkefna sem samþykkt var 2011 undir 3. áherslu (Scientific Platform

and Tools) er kortagerðaráhald sem verður auðveldara í notkun en Hyper Atlas og mun ná sveitarfélagsstigi ESPON-landa. Það á að nokkru að verða aðgengilegt strax haustið 2012 og auðveldar þá – líka Íslendingum - að skoða og bera saman aðstæður á hinum ýmsu svæðum Evrópu.

## Árangur af þátttöku Íslands

Mikilvægi aðildar Íslands að ESPON 2013 fólst í, eins og fram kemur á heimasíðu Byggðastofnunar, [www.byggdastofnun.is/page/espon](http://www.byggdastofnun.is/page/espon),

- að fylgjast með rannsókna- og stefnumótunarvinnu á sviði byggðamála í Evrópusambandinu,
- eflidri þátttöku íslenskra háskóla í hinum fjölbjóðlegu byggðarannsóknum sem styrktar eru,
- áhrifum af því starfi á umræðu og stefnumótun í byggðamálum á Íslandi.

ESPON-netið er stórt, net rannsókna- og stjórnsýslustofnana sem tengjast ESPON. Svo virðist sem stuðningsyfirlýsingar við ESPON séu mun meiri á þessu starfstímabili og þá einkum árið 2011 en á síðasta tímabili, bæði frá embættis- og stjórnmalamönnum. Rannsóknastarf á vegum áætlunarinnar hefur verið árangursríkt og þróast þannig að rannsóknir verði aðgengilegri fyrir almenning og stefnumótendur, bæði í stofnunum ESB og aðildarlöndum þess. Þá hefur ESB aukið mjög áherslu á byggðir, svæði, í stefnumótun sinni, á territorial cohesion, sem er á rannsóknasviði ESPON.

ESPON hefur haft minni áhrif á Íslandi en nýtur þó vaxandi athygli og þátttöku íslenskra stofnana í verkefnum. Bankahrúnið hækkaði kostnað Íslands af ESPON til muna og því hefur illa gefið til aukinna fjárútláta sem óhjákvæmilega fylgja vaxandi þátttöku í verkefnum. Íslenski starfstengillinn, Háskólinn á Akureyri, hefur þannig ekki fengið fjárstuðning frá ríkinu til starfsins eins og fram er komið. Ísland hefur þannig farið hægt af stað en þátttaka íslenskra stofnana í ESPON-starfinu er vaxandi, bæði stjórnsýslu- og rannsóknastofnana og háskóla, og reynslan sem fæst virðist munu efla og auka þátttökuna.

Þó byggðaumræðan á Íslandi hafi ekki orðið fyrir miklum áhrifum af ESPON-rannsóknum hafa íslenskar stofnanir eitthvað notað þær í aðildarviðræðum við ESB og líklegt er að þær nýtist við vinnu að sóknaráætlunum fyrr landshluta á næstu misserum enda gefa þær færi á samanburði, lýsa stöðu og sérstöðu svæða, ráðum sérfræðinga og viðbrögðum stjórnvalda. Ísland er tekið með í rannsóknum ESPON, aðstæður hér á landi eru sýndar á ESPON-kortum og samanburður er því auðveldari. Þess vegna á sú klisja vel við að Ísland sé komið á kortið.

## Aðild á næsta starfstímabili?

Umræða um framhald ESPON-áætlunarinnar er hafin af fullum krafti eins og fram er komið og mun meiri stuðningur við það en í lok fyrra starfstímabils þó starfsfyrirkomulagið vefjist fyrir. Framhald á aðild Íslands að áætluninni ef ekki verður af aðild að ESB þarf að skoða og ræða á næstu misserum. Til undirbúnings þeirri umræðu virðist vænlegt að efna til ráðstefnu seinna í vetur og miða á þátttöku ráðuneyta, sveitarfélaga og stofnana sem láta sig varða byggðaþróun og rannsóknir á því sviði, fá erindi frá ESPON, rannsókna- og stjórnsýslustofnunum á Íslandi sem hafa reynslu af þátttöku og jafnvel hliðstæðum stofnunum í öðrum löndum, t.d. Noregi og einhverju aðildarlandi, t.d. Írlandi, Skotlandi eða Svíþjóð.

10. janúar 2012.

Árni Ragnarsson

# ESPO-STARFIÐ 2011

## Yfirlit

### Fylgiskjal: ESPON 2013: Skrá yfir lokin verkefni í árslok 2011 og í vinnslu

#### Applied Research

Cities	Future Orientation for Cities – FOCI
Rural areas	European Development Opportunities in Rural Areas – EDORA
Demography	Demographic and Migratory Flows affecting European Regions and Cities – DEMIFER
Climate change	Climate Change and Territorial Effects on Regions and Local Economies in Europe – ESPON Climate
Energy	Regions at Risk of Energy Poverty – ReRisk
Territorial impact	
Assessment	Territorial Impact Package for Transport and Agricultural Policies – TIPTAP
Attractiveness	Attractiveness of European Regions and Cities for Residents and Visitors – ATTREG
Land use	European Land Use Patterns – EU LUPA
Territorial	
Cooperation	European Territorial Cooperation as a Fact of Growth, Jobs and Quality of Life – TERCO
Transport	
Accessibility	Transport Accessibility at Regional/Local Scale and Patterns in Europe – TRACC
Growth poles	Secondary Growth Poles and Territorial Development in Europe; Performance, Policies and Prospects – SGPTD
Specific types	
of territories	European Perspective on Specific Types of Territories – GEOSPECS
Innovation	Knowledge, Innovation, Territory – KIT
Globalisation	Territorial Impact of Globalisation for Europe and its Regions – TIGER
European seas	European Seas and Territorial Development, Opportunities and Risks – EsaTDOR
Services of	
General Interest	Services of General Interest – SeGi
EU directive	Assessment of Regional and Territorial Sensitivity – ARTS
EU 2020	
Strategy	Spatial Indicators for a ‘Europe 2020 Strategy’ Territorial Analysis SIESTA
Scenarios	Territorial Scenarios and Visions for Europe – ET2050
Green economy	Regional Potential for a Greener Economy – GREECO
Governance	Territorial Approaches to New Governance – ESPON TANGO
Neighbour	
Regions	European Neighbour Regions
Towns	Small and Medium Sized Towns in their Functional Territorial Context
Poverty and	
Exclusion	Territorial Dimension of Poverty and Social Exclusion in Europe
Economic crisis	Territorial Impact of the Financial and Economic Crisis

## Targeted Analyses

Agglomeration	
Economies	The Case of Agglomeration Economies in Europe – CAEE
Islands	The Development of the Islands – European Islands and Cohesion Policy – EUROISLANDS
Metropolitan	
Regions	Cross-border Polycentric Metropolitan Regions – METROBORDER
Convergence	
Regions	Success for Convergions Regions' Economies – SURE
Rural regions	Potential of Rural Regions – PURR
Scenarios	Spatial Scenarios: New Tools for Local/Regional Territories – SS-LR
European	
Cooperation	Transnational Support Method for European Cooperation – TRANSMEC
Territorial	
Diversity	Territorial Diversity in Europe – ESPON TeDi
Territorial impact	
Assessment	ESPON and Territorial Impact Assessment – EATIA
Cross-border Development	Using Applied Research Results from ESPON as a Yardstick for Cross-border Spatial Development Planning – ULYSSES
Integrated Strategies	Identifying and Exchanging Best Practices in Developing Regional Integrated Strategies in Europe – RISE
Metropolitan Regions	Metropolisation and Polycentric Development in Central Europe: Evidence Based Strategic Options – POLYCE
Territorial	
Performance	Territorial Performance Monitoring – TPM
Metropolitan Regions	Best Development Conditions in European Metropolises: Paris, Berlin and Warsaw – BEST METROPOLISES
Rural	
migration	Selective Migration and Unbalanced Sex Ratio in Rural Regions – SEMIGRA
Territorial	
Governance	Institution Capacity for Territorial Development – SMARTIST
Regional	
airports	Airports as Drivers of Economic Success in Peripheral Regions – ADES
Regional R&D	Advanced Monitoring and Coordination of EU R&D Policies at Regional Level– AMCER
Growth poles	Growth Poles in South East Europe – GROSEE
Territorial	
Indicators	Key Indicators for Territorial Cohesion and Spatial Planning – KITCASP
Landscapes	
across borders	Landscape Policy for the Three Countries Park – LP3LP
Landscape	Liveable Landscapes: a Key Value for Sustainable Territorial Development LIVELAND

## Scientific Platform and Tools

Database	ESPON Database 2013
Typologies	ESPON Typology Compilation
HyperAtlas	Update of the ESPON HyperAtlas
Territorial Indicators	Indicators of Territorial Cohesion
Database	ESPON Database 2013 Phase II
ESPON Atlas	ESPON Atlas on European Territorial Structures and Dynamics
Territorial Potential	Detecting Territorial Potential and Challenges
Territorial Evidence	Territorial Evidence Packs for Structural Fund Programmes
Mapping Tool	ESPON Online Mapping Tool
Territorial Monitoring	Territorial Monitoring in the European Macro Region – A Test for the Baltic Sea Region

## Transnational Networking Activities

Capitalisation and dissemination	Capitalisation and Dissemination of ESPON Concepts – CADEC
Territorial Strategies	ESPON in Integrated Territorial Strategies – ESPON INTERSTRAT
Transnational Perspectives	Nordic-Baltic Dialogues on Transnational Perspectives in Spatial Planning - NORBA
Territorial scales	Breakdown and Capitalisation of ESPON Results on Different Scales – SCALES
e-learning	Establishment of a transnational ESPON training programme to stimulate interest to ESPON2013 knowledge – ESPONTrain